

Sp.

732. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja eða kaupa strandferðabát fyrir Austurland.

(Afgreidd frá Sp. 12. apríl.)

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta byggja vandaðan strandferðabát fyrir Austurland af hæfilegri stærð og jafnframt að hefja undirbúning þess, að ríkið eignist hæfilega marga strandferðabáta, sem reknir verði í nánú sambandi við aðalstrandferðaskip ríkisins.